

074/00 - M.b. Jói ÞH-108

Jói ÞH-108, strandar innan við Sauðanes í Önundarfirði

M.b. Jói ÞH-108

Skipaskr.nr.: 2147

Smíðaður: í Hafnarfirði 1992 úr trefjaplasi

Stærð: 6,11 brl; 5,79 bt

Lengd: 8,76 m **Breidd:** 3,08 m **Dýpt:** 1,54 m

Vél: Volvo Penta 160,00 kW **Árgerð:** 1991

Annað:

Földi skipverja: 2



Jói ©Guðmundur St. Valdimarsson

Atvikalýsing

Hinn 28. júní 2000, skömmu fyrir miðnætti, var m.b. Jóa ÞH-108 siglt frá Flateyri til veiða út af Dýrafirði. Veður: gott.

Í eftirmiðdag hinn 29. júní þegar þeir höfðu aflað um 1800 kg var veiðum hætt og siglt áleiðis til lands. Var siglt fyrir Barðann og var skipstjórinn við stjórn. Var það það síðasta sem skipstjóri vissi af sér þar til um það leyti sem báturinn lenti á skeri í Önundarfirði nokkuð fyrir innan vitann á Sauðanesi. Skipstjóri sagðist hafa náð að minnka afl vélar áður en báturinn strandaði en ekki að stýra fram hjá skerinu.

Skipstjóri hafði samband við nærstadda báta og hafi m.b. Margrét ÍS- komið á vettvang skömmu síðar og dregið m.b. Jóa ÞH-108 á flot og síðan til hafnar á Flateyri. Einhverjar skemmdir urðu á bátum við strandið.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri taldi að hann hefði gleymt sér í um 15 mínútur;
- að báturinn strandaði skömmu fyrir kl. 18:35 þegar tilkynning barst til lögreglu;
- að skipstjóri sagðist hafa sofið aðfaranótt 28. júní og 4 klst. að kvöldi 28. áður en farið var í róður. Hafi vinnutími verið orðinn um 20 klst. þegar báturinn strandaði.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök strandsins hafi verið ófullnægjandi varðstaða við stjórn og siglingu skips.

Tillögur í öryggisátt

Nefnin ítrekar fyrri ályktanir varðandi sambærileg atvik þegar skipstjórnarmaður sofnað sem leiðir til strands. Eru slík atvik nokkuð algeng á minni bátum og er brýn nauðsyn til að takmarka lengd samfelldrar vinnu hjá sjómönnum á smábátum eins og gert hefur verið hjá öllum öðrum stéttum. Þess ber einnig að geta að útivera smábáta þar sem skipverji / skipverjar sofa og enginn er á vakt um borð og báturinn á opnu hafi er einnig mjög varasamt með hliðsjón af öryggi skips og skipverja.